



Lykilrofi 10 A 240 V~  
fyrir alla DIN-prófil-  
hálfslindralása

# GIRA

Tveggja póla rofi  
0144 30

Eins póls hnappur  
0163 30

12/16

## Gira

Gira  
Giersiepen GmbH & Co KG  
Raflagnakerfi

P.O. Box 1220  
42461 Radevormwald

Sími +49 2195 602 - 0  
Fax +49 2195 602 - 191

info@gira.de  
www.gira.de

## Almennar öryggisleiðbeiningar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast  
ísetningu og uppsetningu raftækja.

Ef uppsetning fer ekki rétt fram getur það leitt  
til alvarlegra meiðsla (t.d. vegna raflosts),  
eldsvoða eða tjóns.

Lesið leiðbeiningarnar í heild sinni og farið  
eftir þeim í einu og öllu.

Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal  
endanlegur kaupandi fá þær í hendur.

## Eiginleikar vöru

Grunneining lykilrofa 10 A/240 V er búin nýja  
ESM-kerfinu (einnar skráfu uppsetningarkerfi)  
sem hefur umtalsverða kosti í för með sér:

- Fljótlegt er að setja rofann upp og taka hann  
niður.
- Lásplötunni er stungið á (ekki þarf að skrúfa).
- Rafmagnstenglinum er stungið á (ekki þarf  
að skrúfa).
- Öryggi er tryggt með loki að innanverðu og  
flúttandi prófil-hálfslindralás.
- Nota má þessa grunneiningu lykilrofa við  
allar aðstæður, bæði innfellda og  
utanálggjandi.

## Innifalið

- 1x grunneining lykilrofa
- 1x uppsetningar- og  
notkunarleiðbeiningar

Gangið úr skugga um að ekkert vanti  
í umbúðirnar og að innihaldið sé óskemmt.  
Sjá "Ábyrgð" ef einhverju er ábótavant.

## Nauðsynlegur aukabúnaður

- Prófil-hálfslindralás, raðað  
(pöntunarnúmer 0001 00)
- Prófil-hálfslindralás, eins  
(pöntunarnúmer 0002 00)
- Prófil-hálfslindralás, VdS-flokkur B  
(pöntunarnúmer 0003 00)


## Aukabúnaður

- Lok með tákni (pöntunarnúmer 0097 30)
- Lok án tákns (pöntunarnúmer 0098 30)
- Grunneining gardínustýringar með  
hliðarinnangi (pöntunarnúmer 0389 00)


## Undirbúningur

Áður en grunneining lykilrofa er sett upp  
samkvæmt leiðbeiningunum hér á eftir skal  
fyrst taka hana í sundur.


1. Losið um skráfu (1) og takið framhlífina (2)  
af.
2. Dragið þéttinguna (3) og lokið (4) varlega úr.
3. Rennið lásplötunni (5) upp (= úr lás) og  
dragið hana úr.
4. Takið rofagrunneininguna (6) úr húsinu (7).



5. Tengið varnarleiðara við húsið (sjá ör).




## Rofagrunneining – fram- og bakhlið




6. Tengið víra við rofagrunneininguna eftir því  
hvernig á að nota hana.

## Eins póls hnappur (pöntunarnúmer 0144 30)



## Tveggja póla rofi (pöntunarnúmer 0163 30)



## Uppsetning



### Uppsetning

Gætið að eftirfarandi þegar húsið er sett upp:

- Hægt er að setja upp "utanálggjandi"  
(= APZ) eða "innfellt" (= EPZ).
- Vatnsopið verður alltaf að snúa niður.
- Brjótið eitt af leiðsluopunum þremur (að  
ofan, neðan og á bakhlið hússins) fyrst úr.
- Festið húsið með skrufaðri festingu (M20)  
og stoppró.

1. Takið veituspennu af.
2. Setjið húsið upp.
3. Komið rofagrunneiningunni aftur fyrir í  
húsinu og þrýstið leiðslunum varlega á sinn  
stað.
4. Setjið lásplötuna í og ýtið henni niður  
(= í lás).
5. Setjið prófil-hálfslindralásinn í: Setjið hann  
inn aftan frá í gegnum opið á lokinu og  
festið með meðfylgjandi pinna (EPZ frá  
vinstri til hægri; APZ frá hægri til vinstri).  
Stingið lyklinum í prófil-hálfslindralásinn og  
snúið honum þannig (í 45° réttsælis) að  
framendi sílindrans standist á við  
lásplötuna.
6. Rennið lokinu inn í húsið.
7. Setjið þéttinguna í.
8. Setjið framplötuna á og skrufið hana aftur  
fasta.
9. Setjið veituspennu á.

## Tæknilýsing

|                              |                          |
|------------------------------|--------------------------|
| Rekstrarspenna:              | AC 240 V                 |
| Notkunarflokkur:             | AC15                     |
| Hefðbundinn<br>hitastraumur: | 16 A                     |
| Rekstrarstraumur:            | 5 A                      |
| Einangrunarspenna:           | 300 V                    |
| Snertur:                     | 2                        |
| Tengi:                       | hám. 2,5 mm <sup>2</sup> |
| Gerð:                        | Skrúfklemma              |
| Hús                          |                          |
| Efni:                        | Álsteypa                 |
| Mál (BxHxD):                 | 75 x 75 x 66 mm          |

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.